



Með þessu bréfi er boðað til 8. stjórnarfundar BÍS árið 2026.

Fundurinn verður haldinn í skátamiðstöðinni mánudaginn 15. júní 2026 19:30-21:30.

Boðuð á fundinn eru stjórn BÍS, framkvæmdastjóri BÍS og fulltrúi ungmenna

Gestir fundarins eru: Halldóra Inga - fjármálastjóri, Andrea Vatnsdal - Erindreki, Ragnar Auðunn - verkefnastjóri viðburða, Katrín Kemp - fræðslustýra BÍS, Úlfur Kvaran - Sölufulltrúi skátabúðarinnar og Halldóra Aðalheiður - kynningarmálastýra BÍS og dótturfélaga.

Dagsetning: 15.06.2026

Mætt/ir: Guðrún Stefánsdóttir, Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Þórhallur Helgason, Jakob Burgel, Reynir Tómas Reynisson, Ragnar Þór Þrastarson.

Fundarstjóri: Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Fundarritari: Ragnar Þór Þrastarson

Fundur settur: 19:40

Yfirferð fjármála – Halldóra Inga

- Staða BÍS skv. fjárhagsáætlun.
 - Farið yfir uppgjör BÍS til dagsins í dag. BÍS er aðeins undir fjárhagsáætlun miðað við uppgjör sem jafnast út yfir árið.
 - Halldóra fer yfir uppfærða fjárhagsáætlun fyrir 2026-2027 sem samþykkt er einhljóða af stjórn BÍS.
- Staða Landsmóts miðað við fjárhagsáætlun.
 - Lokatölur borgandi einstaklinga sem að mæta á Landsmót rætt. Eins og stendur er Landsmót á áætlun en fara þarf varlega því lítið má útaf bregða.
- Staða Jamboree miðað við fjárhagsáætlun.
 - 284 skátar munu fara út á Alheimsmót skáta. Eins og stendur er WSJ á áætlun.
- Upplýsingar v/uppfærslu á fjárhagsáætlun ÚSÚ

Kynning Erindreka - Andrea

- Verkefni erindreka
 - Andrea fer yfir stuðning við félögin á glæru og nefnir þar rágjöf í síma og persónu, skráningarmálin eru stór og mikil aðstoð veitt vegna Abler, mannauðsmála og trúnaðarmála. Flest félög fá aðstoð frá okkur á einhverjum tímapunkti. Sum koma í kaffi og fá m.a. að fara yfir myndabankann. Námskeið fyrir starfsfólk útilífsskólanna haldið af starfsfólki BÍS.
 - Andrea fer yfir almenna stöðu félaganna. Félögin deila mismiklu með okkur svo ekki er allt vitað. Biðlistar eru í 8 skátafélögum vegna vöntunar á foringjum. Átak stjórnar – ætluðu að heimsækja félögin. Erindrekar heimsóttu félög á vestur og norðurlandi. Félög í sérstaklega viðkvæmri stöðu og í húsnæðisvanda. Rætt var að hægt og rólega og meðvitað hafi starfsfólk verið að byggja traust og jákvætt viðhorf gagnvart BÍS.
 - Farið var yfir þau félög sem erindrekar sjá áskoranir og hvernig hægt sé að gangast við þeim.

- Samskipin hafa batnað við félögin þar sem erindrekar eru meira sýnilegir á félagsforingjafundum t.a.m.
- Andrea fór yfir stuðningsefni sem gefið hefur verið út, rætt var möguleikann á því að gefa út minni útgáfu fyrir þátttakendur.
- Ný handbók um færnimerkin gefin út á árinu.
- Stuðningsskjóðan kom loks út – en þar er taska með ýmiskonar búnaði sem afhentur hefur verið.
- 2 nýir aldursbiladagar – Dróttskátadagurinn og fjölskylduskátadagurinn.
- Aldursbilamótið og stuðningur við þau reifaður þar sem mikill og langur listi var sýndur stjórn.
- Farið yfir aðra viðburði, skráningamál, ljósmyndun.
- Listi af viðburðum sýndur til þess að upplýsa um hversu margir viðburðirnir eru í raun.
- Stuðningur við fastaráð reifaður – Alpóðaráð, Starfsráð, Útlífiráð, Ungmennaráð og Skátaskólinn.
- Miklar uppfærslur á heimasíðu BÍS ofan á nýja heimasíðu.
- Ljósmyndun er skemmtileg og stór partur af starfi Andreu.
- Tilfallandi verkefni eru óendanleg – almennar fyrirspurnir eru stór partur af deginum og símsvörun. Outlook fyrir alla sjálfbóðaliða BÍS, tilfallandi grafísk vinna svo eitthvað sé nefnt.
- **Framtíðarsýn** – Samstíga stjórn og skrifstofa, stöðugt samtal við félögin, stuðningsefni fyrir foringjana. – Við viljum finna út úr því hvernig erindrekar og stjórn geta verið aðeins meira samstíga, unnið meira sem teymi. Finna leiðir til þess að færa stjórn og erindreka aðeins nær hvort öðru.
- Samráðsfundir fastaráða – að erindrekar séu á þeim fundum einnig og fá beint í æð hvaða áherslur eru.
- Boða stjórn á einn verkefnafund mánaðarlega.

Verkefni sem snúa að landsmóti skáta – Ragnar Auðunn

- Stutt yfirlit yfir verkefni fólks sem snúa að Landsmóti
 - Ragnar fer yfir verkefni er snúa að Landsmóti skáta.
 - Farið var yfir heildarfjölda mótsins, dagskrá mótsins og fyrirkomulag dagskrárinnar.
 - Undirbúningur mótsins yfirfarinn – Fararstjórafundir, söfnun upplýsinga frá erlendum og íslenskum sjálfbóðaliðum. Fundur með matarbirgjum í fullum gangi.
 - Matarmál: Matseðillinn er klár, pöntunarlistar fyrir birgja í bígerð, kæli og frystigámar frá Eimskip, matarhúthlutun í formi matarmiða og tilbúinna pakka. Innnes, Hnýfill og Kjarnafæði eru aðal birgjar mótsins.

Skátabúðin – Úlfur Kvaran

- Viðvera skátabúðarinnar á Landsmóti skáta.
 - Úlfur fer yfir skipulag Skátabúðarinnar á Landsmóti. Skátabúðin er búð fyrir mótið og þátttakendur og gesti.
 - Einkennin, klútar og merki er eitthvað sem Skátabúðin hefur verið að panta fyrir mótið sjálft.
 - Skátaverslunin selur útivistarfatnað, minjagrip og fatnað.
 - Nýtt fyrirkomulag á ártali á landsmótsbolum kynnt þar sem stimplar verða notaðir.
 - Einnig var farið aðeins yfir samstarf við Asivik, Muurikka, Triumph, salaleiguna og það markmið að bæta þjónustu við skátafélögin.
 - Skátafélögum stendur til boða að fá Skátabúðina í heimsókn til sín eftir óskum og hvetur Úlfur öll að hafa samband við Skátabúðina til þess að óska eftir heimsókn.

Fræðslumál starfsársins – Katrín Kemp



- Skýrsla/kynning um fræðslumál starfsársins
 - Katrín fer yfir námskeiðahald á síðasta starfsári og þau þrjú sjálfboðaliðateymi sem halda þær fræðslur sem haldnar eru.
 - Leiðbeinendasveit
 - Gilwell teymi
 - Neistastjórn
 - Skáta námskeiðin sem við höldum og skráningatölur sýndar stjórn – flest á ágætu róli.
 - Ákall Skátabings um relevance á efni námskeiða er eitthvað sem á að setja áherslu á.
 - Æskulýðsvettvangur: skráningar á námskeið ÆV.
 - Það sem náðist ekki að halda skv. starfsáætlun – skyndihjálpi, fálkakraftur og rekkakraftur.
 - Hápunktar ársins – Framhalds Gilwell, Sjálfboðaliðanámskeið og Neisti.
 - Áskoranir – Leiðbeinendasveitin og jafnvægi í námskeiðahaldi. Möguleiki á því að endurskoða fyrirkomulagið á leiðbeinendasveitinni.

Staða Kynningamála – Halldóra Aðalheiður

- Halldóra fer yfir Kynningamál BÍS og dótturfélaga.
- Skátabúðin – Ný netverslun kynnt og þau sem hanna síðuna.
- Úlfjótswatn – Elín og HalldóraA að vinna saman og hvernig þau skipta með sér verkum. ÚSÚ horfir á hráu day to day póstana en HalldóraA tekur stærri birtingar sem krefjast hönnunar og birtingar.
- Hugrifaherferðin – fasi tvö er nú að fara af stað. Brúin á milli fasa 1 og fasa 2 er Landsmót skáta. Herferðin fer af stað um miðjan ágúst þar sem fókusinn verður á skráningar.
- Kynningarmál vegna Landsmóts: Halldóra er með góða yfirsýn, öll grafík samstillt, uppfærslur á skatamot.is og samfélagsmiðlum. Endurnýjanlegt efni verður notað þegar kemur að merkingu á landsmótinu sjálfu.
 - Halldóra er í sambandi við fölmíðla þar sem Sahara aðstoðar. Boðsbréf sent á forseta, bæjarstjórn Akureyrar og fleiri.
- Grænir skátar – uppfærsla á ásjón Grænna skáta, nýrri heimasíðu, logo ofl..

Safe from harm – Ragnar Þór

- Staða mála við Safe from harm og aðgerðaráætlun um innleiðingu.
 - Ragnar sendi greinargerð og aðgerðaráætlun Safe from Harm fyrir haustið á stjórn. Innleiðing verður kláruð skv. áætlun greinargerðarinnar. Sædís Ósk fer fyrir verkefninu.

Fundi slitið 22:03

